

Fundargerð 224.fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. haldinn
4.febrúar 2026, kl. 12.00 á Teams.

Mætt:

Salóme Guðmundsdóttir, stjórnarformaður
Einar Jón Pálsson, stjórnarmaður,
Einar Gunnar Thoroddsen, stjórnarmaður,
Guðmundur Daði Rúnarsson, stjórnarmaður,
Guðný Birna Guðmundsdóttir, stjórnarmaður,
Pálmi Freyr Randversson, framkvæmdastjóri,
Bryndís Lúðvíksdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð,

1. *Staða lykilverkefna – til upplýsinga*

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu lykilverkefna félagsins. Einnig var rætt um markaðs- og innheimtumál.

Framkvæmdastjóra falið að ræða við Reykjanesbæ um útfærslu lóðarleiguinnheimtu.

2. *Viðhorfskönnun – til umræðu*

Framkvæmdastjóri fór yfir útkomu viðhorfskönnunar. Umræður um niðurstöður og viðbrögð.

Mikilvægt er að efla samtalið við nærsamfélagið og móta samskiptaáætlun.

Framkvæmdastjóra falið að útfæra á milli funda.

3. *Áhættustefnan næstu skef-*

Framkvæmdastjóri fór yfir tímalínu við mótun áhættustefnu félagsins. Gögn frá ráðgjafa vistuð á svæði stjórnar. Stefnt að því að ljúka við gerð áhættustefnu fyrir aðalfund og að hún verði samþykkt þá.

4. *Fjármál og rekstur*

a. Eignafærsla Þróunarkostnaðar – til upplýsinga

Framkvæmdastjóri sagði frá samtali við KPMG varðandi mögulega eignafærslu þróunarkostnaðar félagsins.

Framkvæmdastjóra falið að skoða betur með ráðgjafa.

b. Ráðstöfun fjármuna – til umræðu

Umræður um ráðstöfun fjármuna félagsins, framkvæmdastjóri sagði frá viðræðum við fjármálastofnanir, ávöxtunarleiðir og fjárfestingarmöguleikar ræddar.

Framkvæmdastjóra falið að skoða nánar með Guðmundi Daða á milli funda.

c. Sviðsmyndir rekstrar til 2040 -til umræðu

Framkvæmdastjóri kynnti sviðsmyndir fyrir rekstur félagsins, umræður um lóðarleigu, tekjutækifæri, byggingaréttargjald, rekstur og fl. Framkvæmdastjóra falið að vinna nánar með stjórnarformanni á miilli funda.

d. Rekstraráætlun 2026 – til samþykktar

Framkvæmdastjóri fór yfir drög rekstraráætlun 2026. Verður tekin til samþykktar fyrir eða á næsta fundi stjórnar.

5. *Önnur mál*

Ákveðið var að næstu fundur stjórnar verði haldinn á Ásbrú þann 11.mars, einnig var ákveðið að fundur verði haldinn 15.apríl á Teams.

Aðalfundur verður haldinn 28.maí 2026.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.13:32.